



**Guðrún Óskarsdóttir** hóf nám í semballeik hjá Helgu Ingólfssdóttur. Framhaldsnám stundaði hún hjá Anneke Uittenbosch við Sweelinck Conservatorium í Amsterdam, hjá Jesper Bøje Christensen í Scola Cantorum í Basel og hjá Francoise Lengellé í París.

Guðrún hefur leikið inn á hljómdiska og komið fram sem einleikari, meðleikari eða sem þátttakandi í kammertónlist á fjölmörgum tónleikum á Íslandi, víða í Evrópu og í Japan. Hún er meðlimur í kammerhópnum Nordic Affect og Bachsveitinni í Skálholti. Auk þess leikur hún reglulega með Caput-hópnum, Kammerveit Reykjavíkur og með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Guðrún hefur einnig unnið í Íslensku óperunni, Strengjaleikhúsinu og með Íslenska dansflokknum. Hún leikur jöfnum höndum gamla og nýja tónlist og hefur tekið þátt í frumflutningi fjölda verka. Haustið 2007 tók hún þátt í alþjóðlegu tónlistarhátíðinni í Takefu í Japan. Þar frumflutti hún þrjú verk fyrir flautu og sembal ásamt Kolbeini Bjarnasyni flautuleikara.

**Kammerhópurinn Nordic Affect** var stofnaður árið 2005 með það að markmiði að miðla ríkidæmi tónlistar 17. og 18. aldar og flytja samtímatónlist. Meðlimir hópsins eiga allir að baki nám í sagnfræðilegum hljóðfæraleik og koma reglulega fram víða um Evrópu. Það að skoða þekktar stærðir út frá nýjum hliðum og halda á ókönnuð mið einkennir starf þeirra en Nordic Affect hefur með tónleikum sínum á Íslandi og víðs vegar um Evrópu flutt allt frá danstónlist 17. aldar til hinnar spennandi raftónsköpunar nútímans og hlotið fyrir afbragðs dóma. NoA hefur m.a. hljóðritað fyrir Ríkisútvarpið og Samband Evrópskra Útvarpsstöðva. Fyrsti geisladiskurinn með leik þeirra; Apocrypha eftir Huga Guðmundsson var tilnefndur til Íslensku Tónlistarverðlaunanna og hlaut Kraumsverðlaunin 2008. Leik þeirra er jafnframt að finna á Hymnodia Sacra, geisladisk kammerkórsins Carmina sem hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin á síðasta ári og þann 1. janúar kom út á heimsvísu nýr geisladiskur NoA með verkum eftir Abel á vegum hollenska útgáfufyrirtækisins Brilliant Classics. Meðal verkefna næstu mánaða auk tónleika hér heima og í Bretlandi er frumflutningur á nýju verki eftir Þuríði Jónsdóttur, upptaka fyrir Ríkisútvarpið á verkum frá 18. öld og hljóðritun nýs geisladisks með verkum eftir íslensk kventónskáld. Hópurinn er styrktur af Tónlistarsjóði menntamálaráðuneytisins og Menningarsjóði Reykjavíkurborgar. Litrænn stjórnandi hópsins er Halla Steinunn Stefánsdóttir.